

Sýning úr safni Gunnars Sigurðssonar í myndlistarhúsinu á Klambratúni. Eftirtaldir listamenn eiga þar verk: Einar G. Baldvinsson, Eiríkur Smith, Hafsteinn Austmann, Hjörleifur Sigurðsson, Hörður Ágústsson, Jóhannes Geir, Jóhannes Jóhannesson, Jón Gunnar Árnason, Karl Kvaran, Kjartan Guðjónsson, Kristján Davíðsson, Nína Tryggvadóttir, Sigurður Sigurðsson, Skarphéðinn Haraldsson, Skúli Thoroddsen, Snorri Arinbjarnar, Sverrir Haraldsson, Valtýr Pétursson og Þorvaldur Skúlason.


EINKASAFN



Mynd eftir Jóhannes Jóhannesson



Mynd eftir Ninu Tryggvadottur



Mynd eftir Kjartan Guðjónsson



NÍELS HAFSTEIN SKRIFAR UM MYNDLIST

Greinarhöfundur hefur orðið þess áþreifanlega var að sífellt fer stækkandi sá hópur ungs fólks sem snýr sér að söfnun af einhverju tagi, og þá ekki síst þeirri söfnun sem prýðir veggi heimilisins. Hér er örugglega um að ræða meðvitað andsvar gegn sóunarkapphlaupi og ofneyslu, andsvar gegn innihaldslitlum varningi skrums og færibands, jafnframt eðlilegri þörf til persónulegrar umhverfismótunar. Fólk er í sjauknum mæli farið að skynja töfra hins máða og slitna; handverkið frá liðnum tímum landbúnaðar og sjávarútvegs, þeirrar menningar sem blómstraði í einfaldleik lífsins. Þessi þróun er athyglisverð, og þegar höfð er til samanburðar niðurrifsstefna kaupfélaganna og heildsalanna, en þeir höfðingjar bjóða sveitafólkinu (í staðinn fyrir gömlu munina) plastrokka með áföstum öskubakka, lambsfót með hitamæli, dádýrshöfuð úr plasti o.s.frv.

Söfnun myndlistarverka stjórnast af ýmsum hvötum svo sem alþjóð veit; peningamenn með misjafnan smekk sanka að sér verkum látinna „meistara"; fjársterkir einstaklingar gefa til safna; fagurkerar fórna öllu fyrir eignarhald á myndum; listamenn skipta við kollegana: galleristjórar taka myndir upp í leigur. En hvað sem aðferðum líður og þeim tilhneigingum sem stjórna söfnuninni, þá er það hagur myndlistarþróuninni að sem flestir eignist myndir.

Margir íslendingar hafa orðið þjóðkunnir af söfnum sínum: Ívar Markússon, Ragnar í Smára, Þorvaldur Guðmundsson, Storr-hjónin, Bjarnveig Bjarnadóttir, Gunnlaugur Þórðarson, Jón Þorsteinsson, Sverrir Sigurðsson, Margrét Jónsdóttir og Gunnar Sigurðsson. Aðrir eru frægari af verkum sínum og umsvifum: Ragnar Kjartansson, Björn Th Björnsson og Aðalsteinn Ingólfsson. En þeir eru líka til sem ekki vilja láta vitnast hvað þeim áskotnast, t.d. náunginn sem keypti allar myndirnar á minningarsýningu Kjarvals síðastliðið ár, og konan sem fjárfesti í trékössum úr flugvélinni sem fórst á Vatnajökli, — hún sat uppi með ómetanlegt safn postulínsmuna frá liðnum öldum.

Gunnar Sigurðsson

Þann 7. ágúst síðastliðinn var opnuð sýning í myndlistarhúsinu á Klambratúni þar sem saman var safnað 91 verki úr eigu Gunnars Sigurðssonar í Geysi. Í myndarlegri sýningarskrá ritar Björn Th. Björnsson aðfararorð og segir m.a.: „Það er eins og hver ný bylgja í listum eignist sinn hauk í horni, impressionistarnir menn eins og tollvörðinn Victor Choquet, Nabismálararnir Nathansonsbræðurna, kúbistarnir Apollinaire og Stein-systkinin, og þannig mætti áfram telja.

Hér heima eignaðist bylgja abstraktmálverksins einnig sinn mann, og hann furðu líkan hinum frægu forverum sínum: Gunnar Sigurðsson í Geysi. Slíkir menn, — og það veit ég af eigin raun um Gunnar, nálgast listina af djúpri eðlisþörf, og sú birting samtímans sem í henni felst, hversu ögrandi sem hún er öðrum, er þeim eins og sjálfstjáning. Því leita þeir heldur aldrei aftur fyrir sig. Það sem er liðið, er ekki lengur á dagskrá, og hneykslun er ekki til í þeirra orðabók, nema á því sem illa er gert eða með hálfum huga. Þeir eru í senn opnir fyrir hverri nýlundu og skeleggir gagnrýnendur, þeir eru innan veggja, og listmæti verka skiptir þá öllu máli."



Gunnar Sigurðsson. Myndirnar eru úr einkasafni hans

Vettvangur Gunnars Sigurðssonar varð Listvinasalurinn á horni Mímisvegar og Freyjugötu, hús og vinnustofa Ásmundar Sveinssonar, þar sem núna er starfandi Myndlistaskólinn í Reykjavík. Í þessu húsi hefur löngum sprottið fram mörg nýjungin; á árunum 1949-1955 var þar höfuðvígi abstraktstefnunnar og uppúr 1967 rikti þar poppstefnan og útisýningarnar frægu. Þar hafa skáld lesið úr verkum sínum og pianóleikari töfrað áheyrendur. Gunnar Sigurðsson mun eins og aðrir galleristjórar, hafa tekið myndir upp í leigur. Jafnframt því keypti hann verk og þáði að gjöf frá þakklátum listamönnum sem virtu hann fyrir stuðninginn, „...vitandi að betra heimkynni yrði þeim ekki kosið. Þannig er þetta safn Gunnars Sigurðssonar ekki slíkt sem auðmaðurinn — konnisörinn — fyllir eftir kerfi og drepur í skörðin: Það er miklu fremur lifandi dókúment skamms en mikils umbrotaskeiðs í list okkar." Svo mælti Björn Th. Björnsson, og skilgreinir safn Gunnars Sigurðssonar í fáeinum orðum.

Nú kemur það hvergi fram hversu stórt safn Gunnars er, en heiti sýningarinnar gefur til kynna að einhverju hafi verið skotið undan og þá væntanlega til þess að rjúfa ekki þá heildarmynd sem sýningin gefur. Burðarstólpar í safni Gunnars á Klambratúni eru: Jóhannes Jóhannesson, Nína Tryggvadóttir, Þorvaldur Skúlason og Snorri Arinbjarnar; þeirra verk eru persónulegust og jafnbest og gefa nokkuð góða sýn á framleiðslu þeirra. Valtýr Pétursson og Kristján Davíðsson eru að vísu höfundar fjölda mynda, en erfitt reynist að taka þá alvarlega, sérstaklega hinn síðarnefnda sem alla tíð hefur verið ofurseldur áhrifum erlendra meistara (t.d. Jean Dubuffet og Picasso). Skarphéðinn Haraldsson, Sigurður Sigurðsson, Hörður Ágústsson, Jóhannes Geir og Einar G. Baldvinsson eiga þarna ágætar myndir.

Yfirbragð sýningarinnar er mjög heillegt og sannfærandi en skortir helst ákveðnar áherslur eða högggefandi verk til þess að orka sem skýrsla um yfirstandandi tímabil, — of margar „sætar" myndir eru í safninu. Athyglisvert er einnig hversu myndlausnir málaranna eru líkar; einn tekur við þar sem annar endar. Breiddin er mjög lítil í verkefnavali málaranna, og er það kannski að vonum þegar haft er í huga hve takmörkuð abstraktlist er til persónulegrar tjáningar. En þrátt fyrir þessar aðfinnslur „segir sýningin satt og rétt frá" og undirstrikar orð B.Th. sem vitnað var í hér að framan.



Mynd eftir Þorvald Skúlason